

Múlaþing  
Sóley Valdimarsdóttir  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, mánudagur, 24. janúar 2022  
UST202201-046/B.S.  
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag - ferðaþjónusta - Klyppstaðir í Loðmundarfirði. Umsögn**

Vísað er til erindis Múlaþings dags. 4. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Um er að ræða byggingarreit fyrir smávirkjun. Ráðgert er að reisa jarðvegsstíflu ofar í hlíðinni og verður aðrennslispípa sem er 110 mm plastlögn grafin niður að hluta en þar sem lögnin liggur um hallamýri verður lögnin á yfirborði til að skerða ekki votlendið. Þetta verklag er að mati Umhverfisstofnunar til fyrirmynadar.

Umhverfisstofnu telur að velja eigi verktíma þegar land er þurrast til að ummerki um ferð tækja að stíflustæði verði sem minnst. Ef mögulegt er ætti að reyna komast hjá slóðagerð vegna framkvæmdarinnar og gæta þess að framkvæmdin sé afturkræf.

Umhverfisstofnun telur að skoða eigi hvort unnt sé samfara umræddri framkvæmd að moka ofan í framræsluskurði þar sem þeir virðast ekki þjóna neinum tilgangi en þetta væri til bóta fyrir ásýnd svæðisins.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefansson  
Sérfræðingur

  
Agnes Þorkelsdóttir  
Sérfræðingur